

Ed.

135. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 49, 10. nóv. 1913, um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 49, 10. nóv. 1913, orðist svo:

Bæjarstjórn Ísafjarðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbætur, hafnarkví og hafnarbryggjur, og byggingar og svæði, er þörf er á í sambandi við hafnarbæturnar.

2. gr.

3. gr. laga nr. 49, 10. nóv. 1913, falli niður.